

# JÓLAÞYTUR

FRÉTTABRÉF FRÁ SKÓLANUM YKKAR



# HVAÐ ER FRAMUNDAN Í DESEMBER?

## Jólaleikhús 4. desember

Fimmtudaginn 4. desember fara allir nemendur og starfsfólk skólans á jólasýninguna Jólalóla í Samkomuhúsinu.

## Jólaljósadagur

Ein af hefðunum okkar er að kveikja á friðarkertum í hlíðinni fyrir ofan skólann. Nemendur koma með kerti að heiman og eiga notalega stund saman. Farið verður í góðu og stilltu veðri og því ekki hægt að segja til um hvaða dagur verður fyrir valinu en stefnt er að föstudeginum 12. desember.

## Laufabrauðsgerð og kósý með vinabekkjum 16. desember

Nemendur og starfsfólk skera út laufabrauð þriðjudaginn 16. desember. Nemendur mega mæta í kósýfötum/náttfötum/einhverju jólalegu.

## Skautar og jólaföndur 18. desember

Fimmtudaginn 18. desember förum við öll saman á skauta í Skautahöllinni og verðum þar til 10:30. Við minnum á að koma vel klædd, vettlingar nauðsynlegir. Hjálmaskylda á skautasvellinu. Skólinn greiðir skautaleigu og aðgangseyri. Eftir skautana förum við aftur í skólann og bjóðum foreldra/aðstandendur velkomin í jólaföndur og jólasamveru í skólanum frá kl. 12-14. Ferðasjóður selur vöfflur og keramikjólaföndur.

## Litlu jólin 19. desember


Dagurinn byrjar á samverustund í Möðruvallakirkju kl. 8:20 þar sem sr. Oddur Bjarni tekur á móti okkur. Nemendur Tónlistarskólans spila fyrir okkur nokkur lög og nemendur 7. bekkjar lesa Jólagaðspjallið. Eftir samverustundina förum við í skólann þar sem námshópar halda sín eigin stofujól, dönsum í kringum jólatréð og borðum saman hátíðarmat. Heimferð er kl. 12:00 þennan dag hjá öllum nemendum. Frístund er lokuð.

# ÞEMAVIKAN 10.-14. NÓV

## HEILSA, RÉTTINDI OG RADDIR BARNNA

Þemavikan var afskaplega vel heppnuð og vorum við hrikalega ánægð með frábæra mætingu á opna húsið. Þetta skiptir okkur öll máli, börnin, starfsfólk og skólasamfélagið í heild sinni.

Verkefnin og öll þemavinnan var með fjölbreyttu sniði og unnu nemendur í bekkjartímum og aldursblönduðum hópum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og grunnþættir menntunar voru hafðir að leiðarljósi í allri verkefnavinnu. Hérna eru myndir frá þemaviku: vinabekkjadagur, barnaþing, afurðir þemaviku.



### SKEMMTILEGAR MYNDIR ÚR SKÓLALÍFINU

JÓLATRJÁA-  
LEIÐANGUR  
1.-2. BEKKJAR

ÆVAR ÞÓR Í  
HEIMSÓKN  
5.-8. BEKK

HREKKJAVAKAN  
31.10.2025

# LEIÐSAGNARNÁMIÐ

Á síðasta skólaári lögðum við mikla áherslu á hrós og hvatningu, innri áhugahvöt, hugarfar vaxtar og námsvitund. Við höldum þeirri vinnu ótrauð áfram og bætum inn verkfærum þetta skólaárið þ.e. námsfélögum, námsvegg, samræðum í námi og endurgjöf. Með námsfélögum þjálfum við aðferðir til að efla skilning og samvinnu nemenda. Námsveggurinn á að færa námsmarkmið og viðmið um árangur enn nær nemendum, fá þau til að vera virkir þátttakendur í því að komast nær markmiðunum með ólíkum útfærslum og leiðum. Með samræðum í námi notum við mismunandi spurningategundir og aðferðir til að kveikja áhuga og hvetja til umræðu og hugsunar. Með vorinu bætum við endurgjöf inn í en þannig lokum við hringnum í leiðinni að innleiðingu leiðsagnarnáms. Leiðsagnarnám á að vera hluti af skólabrag og leið til menntunar í Þelamerkurskóla. Í Þelamerkurskóla viljum við að nemendur taki virkan þátt í eigin námi, vinni með eigin styrkleika, sýni samkennd og samvinnu, læri af mistökum og gefist ekki upp þó hlutirnir gangi ekki upp í fyrstu. Við viljum að nemendum líði vel og að þau finni að raddir þeirra skipta máli.

## JÁKVÆÐUR AGI

OKKUR GENGUR BETUR ÞEGAR OKKUR LÍÐUR BETUR

Með jákvæðum aga viljum við efla sjálfstraust nemenda, þjálfja sjálfsstjórn og lausnaleit, efla og styrkja góð samskipti, að nemendur átti sig á hversu miklu máli skiptir að við getum viðurkennt mistök, axlað ábyrgð og beðist fyrirgefningar. Við viljum efla innsæi og tilfinningagreind með því að þjálfja færni nemenda í að þekkja eigin tilfinningar og annarra og geti tjáð þær óhikað.

Verkfærin sem við vinnum með eru: Bekkjarsáttmáli, störfín í bekknum, bekkjarfundir, að hafa heilann í hendi sér, griðarstaður, tilfinningahjólíð, svipbrigði, að viðurkenna tilfinningar, að nota ég-boð, lausnahjólíð, V-A-L (viðurkenna, afsaka, leita lausna) og æfa hrós og þakkir.

**Stefnt er að því að hafa sameiginlegt foreldranámskeið fyrir foreldra Álfasteins og Þelamerkurskóla í janúar nk. nánar auglýst síðar.**

# VORÖNN 2026

HVAÐ ER FRAMUNDAN Á NÆSTU ÖNN?

- Skóli hefst að loknu jólafríi mánudaginn 5. janúar.
- Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 27. janúar, starfsdagur 26. janúar.
- Vetrarfrí verður líkt og fyrri ár í kringum öskudaginn sem lendir á 18.-20. febrúar þetta skólaárið.
- Stefnt er að útivistardegi í Hlíðarfjalli þriðjudaginn 10. mars.
- Eftir vetrarfrí hefst árshátíðarundirbúningur en árshátíðin verður haldin í íþróttahúsinu okkar fimmtudaginn 26. mars kl. 15:30.
- Á vordögum gerum við alls konar skemmtilegt: höldum græna blómadaginn, förum í vorferð, höfum gaman á þelamerkurleikunum og höldum vorhátíð.
- Skólaslit verða fimmtudaginn 4. júní.

## BLÁSARASVEIT 3.-4. BEKKJAR

Í vetur tókum við þátt í tilraunaverkefni Tónlistarskóla Eyjafjarðar og stofnuðum blásarasveit í 3. og 4. bekk. Allir nemendur fara í blásaratíma tvisvar í viku en Jóhann Björn Ævarsson, hornleikari og tónlistarkennari, heldur utan um þetta spennandi verkefni. Það er ekki hægt að segja annað en að það sé líf og fjör í skólanum á þriðjudögum og miðvikudögum þegar blásturinn ómar um allan skóla.

## DANSKENNSLA Í FEBRÚAR

Inga danskennari kemur til fyrstu vikuna í febrúar og ætlar að kenna öllum nemendum í 1.-10. bekk dans. Við endum vikuna á að bjóða foreldrum að koma og dansa með nemendum sem er fínasta upphitun fyrir þorrablót!





# FRÁ FORELDRAFÉLAGINU

Foreldrafélag Þelamerkurskóla hefur sent valgreiðslur í heimabanka foreldra. Fjármunum sem safnast verður varið til að styrkja Þelamerkurskóla í að fara með nemendur á alls kyns viðburði og skemmtanir en foreldrafélagið hefur einnig styrkt Þelamerkurskóla til tækja- og búnaðarkaupa sem nýtast nemendum. Upphæðin er 2.000 kr. og mun hún hjálpa til við að gera skólaveturinn skemmtilegri. Við hvetjum þau sem tók hafa á að greiða valgreiðsluna og þökkum kærlega fyrir góða þátttöku.

## JÓLAKVEÐJA FRÁ SKÓLANUM

Starfsfólk Þelamerkurskóla óskar nemendum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Hjartans þakkir fyrir gott samstarf.



